



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 3. tölublað. Mars 2007.

EFNI:

HIV-sýking og alnæmi á Íslandi **bls. 1**

Inflúensan veturinn 2007 **bls. 2**

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Brynja Laxdal
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is


Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

HIV-SÝKING OG ALNÆMI Á ÍSLANDI. FÍKNIEFNANEYSLA TÍFANDI TÍMASPRENGJA?

Á árinu 2006 greindust 11 sjúklingar með HIV sýkingu. Þar af voru átta karlar og þrjár konur. Tveir karlar og ein kona greindust með alnæmi og einn karlmaður lést af völdum sjúkdómsins á árinu.

Þessar tölur benda til þess að HIV-sýking og alnæmi sé enn sjaldgæfur sjúkdómur hér á landi sem er þó landlægur (mynd 1). Ef lítið er til þeirra hópa sem stunda áhættu- hegðun (mynd 2) má sjá að hlutur gagnkynhneigðra fer vaxandi ár frá ári. Hafa verður í huga að helmingur þeirra sem greinast eru af erlendu bergi brotnir (Farsóttafréttir, nóvember 2006) og margir þeirra koma frá svæðum þar sem útbreiðsla HIV-smits er algeng meðal gagnkynhneigðra.


HIV-sýking meðal fíkniefnaneytenda sem sprautu sig hefur verið fátíð hér á landi



Mynd 1

gagnstætt því sem á við um lifrabólgu C, sem einnig er blóðsmitandi sjúkdómur. Ef lítið er til loka ársins 2006 og fyrstu tveggja mánaða ársins 2007 eru ugðvænleg teikn á lofti. Þótt fjöldi fíkniefnaneytenda sem hafa greinst að undanfögnu sé ekki mikill (mynd 3) þá er það markvert að þrjú tilfelli hafa greinst á stuttum tíma og hafa þau innyrðis

(Framhald bls. 2)



Mynd 2

Það er markvert að þrjú tilfelli hafa greinst á stuttum tíma með innryðis tengsl sem benda til að smit hafi borist með menguðum sprautum og nálum.

tengsl sem benda til að smit hafi borist með menguðum sprautum og nálum.

Allar götur frá því að alnæmisfaraldurinn barst til landsins í upphafi níunda áratugarins hefur faraldur meðal fíkniefnaneytenda verið sérstakt áhyggjuefni. Margir hafa talið að það sé einungis tímaspursmál hvenær hann berst í þennan áhættuhóp og vísa til reynslu Finna í þeim efnum. Ein leið til þess að sporna við útbreiðslu HIV-smits meðal fíkniefnaneytenda er að auðvelda aðgengi að hreinum sprautum og nálum ekki síður en smokkum. Fram til þessa hefur ekki



ríkt einhugur um þessa leið, en nauðsynlegt kann að reynast að endurskoða stefnuna um greitt aðgengi að hreinum nálum og sprautum í ljósi atburða líðandi stundar.

INFLÚENSAN VETURINN 2007

Á árinu 2006 greindust 11 sjúklingar með HIV sýkingu. Þar af voru átta karlar og þrjár konur.

Inflúensan í ár virðist nú vera í rénun. Hún reid yfir nokkrum vikum fyrr í ár en í fyrra eins og glögglega kemur fram í tölum Læknavaktarinnar um vitjanir vegna sjúklinga með inflúensulík einkenni (mynd). Fjöldi staðfesta greininga á inflúensu frá veirufræðideild Landspítala - háskólasjúkrahúss eru í

samræmi við fjöldatölur Læknavaktarinnar. Samkvæmt upplýsingum veirufræðideildar hafa veirustofnar A H3N2 verið algengastir, en síðustu vikurnar hafa veirustofnar A H1N1 sótt í sig veðrið. Nánast ekkert hefur verið greint af inflúensuveirum af B stofni.

